


Forsíðumyndin á Facebook-síðunni Skrall í Skaftahlíð



Skrall 2014 - kompudót




Skrall 2014 - kompudót



Skrall 2014 – mikil aðsókn



Skrall 2014 – börnin seldu og keyptu



Skrall 2014 – endurunnar vínilplötur



Skrall 2014 - nytjahlutir



Skrall 2014 - götukaffihús

# Hvernig hófst þetta?

- Það kom miði inn um bréfalúguna þar sem lýst var eftir nágrönnum sem hefðu áhuga á að standa að götumarkaði, selja dót úr geymslum og hafa gaman.....



Skrall 2014 – nágrannar á undirbúningsfundi

# Hver voru markmiðin?

- Efla kynni og samstöðu íbúanna í götunni
- Selja dót úr geymslum og annan varning og reyna að fá smápening
- Hafa gaman

# Hver er undirbúningurinn?

- Fjölmörg verkefni sem reynt er að deila út til áhugasamra

# Sækja um styrki

- Greiða kostnað við prentun, hljóðkerfi, akstur með búnað o.fl.
- Ekki sótt um fyrsta árið (2014), enda fyrirvarinn skammur
- 2015 fékkst styrkur úr Hverfissjóði Reykjavíkurborgar – 200 þús kr., en aðeins voru notuð 89 þús. og afgangi skilað
- 2016 fékkst aftur styrkur úr Hverfissjóði – 200 þús kr., en aðeins voru notuð 65 þús. og afgangi skilað
- 2016 fékkst einnig styrkur frá Hverfisráði Hlíða – 150 þús. kr. til að styrkja hráefniskaup fyrir tilraunir í matargerð, en einungis 35 þús. notuð, enda voru fáir sem spreyttu sig á nýjungum

# Sækja um leyfi til að loka götunni

Reykjavík, 14. Júlí 2014

**Framkvæmdaheimild**
**Nr. 201407485**

| | |
|---|---|
| **Framkvæmd:** | Lokun Skaftahlíðar á Menningarnótt kl. 11-18 |
| **Leyfishafi:** | Hilmar Sigurðsson kt. 221063-3339, s: 521-3555, hilmar@hil.is |
| **Ábyrgðaraðili:** | Hilmar Sigurðsson kt. 221063-3339, s: 521-3555, hilmar@hil.is |
| **Tengiliður:** | Hilmar Sigurðsson kt. 221063-3339, s: 521-3555, hilmar@hil.is |
| **Staðsetning:** | Skaftahlíð 1-22 – frá Lönguhlíð í vestri, að Stakkahlíð í austur |




# Nota Facebook-síðu til kynningar og skilaboða

Facebook-síðan snýst um Skrallið í 2-3 mánuði á sumri, en utan þess tíma er hún samskipta-síða íbúanna í Skaftahlíð og nágrenni

# Dreifimiði til allra íbúa götunnar

**Götumarkaðurinn Skrall í Skaftahlíð á laugardag kl. 14 (Menningarnótt)**

Kæru íbúar:

Ykkur er boðið að taka þátt í götumarkaði. Allir íbúar húsanna sem liggja að götunni geta tekið þátt, drifið út borð og selt eða gefið (og keypt) eins og þá lystir. Verðlagning er frjáls. (Munið eftir skiptimyntinni!)

Leyfi hefur fengist frá Reykjavíkurborg og lögreglunni í Reykjavík til að loka Skaftahlíð (milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar) kl. 11-18 á laugardag 23. ágúst. Vinsamlegast færið bíla **úr stæðum á götunni** fyrir kl. 11 á laugardagsmorgun og athugið að bílar komast ekki um götuna milli 11 og 18.

Fjölmargir íbúar Skaftahlíðar hafa komið að undirbúningi markaðsdagsins og hyggjast koma með alls konar vörur, nýjar og notaðar, kaffi og aðrar veitingar, tónlist og uppákomur... og enn er dagskráin að mótast.

Kjartan og Nína í Skaftahlíð 11 munu stjórna uppröðun borða frá kl. 11. Byrjað verður miðja vegu í götunni og borðin látin raðast með hæfilegu bili upp og niður eftir götunni. Einnig er æskilegt að koma með garðhúsgögn, stóla og borð, til að geta notið veitinga í góðri hverfisstemmingu. Skreytingar, s.s. blöðrur, veifur og fánar, eru vel þegnar til að lífga upp götumyndina.

Nánari upplýsingar eru á Facebook: **Skrall í Skaftahlíð** og í síma 897 0333 (Stefán, Skaftahlíð 1).

# Dreifimiði á bíla í götunni

Vinsamlegast færið bílinn úr bílastæðinu fyrir kl. 11 á laugardagsmorgun, 23. ágúst.

Gatan verður lokuð fyrir umferð kl. 11-18 vegna götumarkaðar.



# Dreifimiði í hús og á vinnustaði




Skrall 2014 – dreifimiði sem borinn var í öll hús í nærliggjandi götum og dreift á vinnustöðum, í tölvupósti og víðar

# Leiðbeiningar til seljenda

- Skreytið götuna eins og þið mögulega getið. Byrjið snemma – föstudagurinn er í lagi -  og notið hugmyndaflugið - með fánum, blöðrum og öðru.
- Götunni verður lokað kl. 11 á laugardag og reynt verður að tæma bílastæðin fyrir þann tíma.
- Komið sjálf með borð, fatastanda, hillur, annað í básana ykkar.
- Þið getið byrjað uppsetningu bása kl. 11. Skreytingar við básana eru kærkomnar.
- Íbúar hvers húss hafa forgang að svæðinu framan við húsið, en auðvelt verður að finna auð rými.
- Þeir sem bjóða veitingar mættu gjarnan hafa borð og stóla við básinn til að gestir geti notið krásanna á notalegan hátt.
- Markaðnum lýkur kl. 16 og gatan verður opnuð aftur kl.18, en fyrr ef aðstæður leyfa.
- Seljendur eru hvattir til að fjarlægja básana sem fyrst, enda bíða bílarnir eftir að komast aftur heim til sín.
- Skreytingar mega gjarnan vera uppi fram á sunnudagskvöld – það setur skemmtilegan blæ á borgarlífið.



# Skreyting götunnar

# Fréttatilkynning til fjölmiðla

**Skrall í Skaftahlíð í þriðja sinn á Menningarnótt**

Götuhátíðin Skrall í Skaftahlíð verður haldin laugardaginn 20. ágúst nk. kl. 12-16. Þetta er þriðja árið í röð sem hátíðin er haldin á Menningarnótt. Íbúar í Skaftahlíð, vinir þeirra og nágrannar í nærliggjandi götum, efna til götu- og matarmarkaðar með varning og veitingar við allra hæfi og lifandi tónlist.

Fyrsta árið komu á þriðja þúsund gestir á Skrallið og svipaður fólksstraumur var eftir götunni framan af degi í fyrra, þar til tók að rigna, en þá hlupu jafnt gestir sem söluaðilar fljótt í skjól. Nú er útlit fyrir betra veður og má því búast við mikilli þátttöku og gleði í götunni. Margir kjósa að leggja bílum sínum á stæðin við skólana í nágrenninu og ganga síðan um Skaftahlíðina á leiðinni til miðborgarinnar.

Götunni er lokað milli Stakkahlíðar og Lönguhlíðar og íbúarnir skreyta götuna og setja upp sölubása á bílastæðunum með spennandi veitingum og alls konar varningi, notuðum  og nýjum. Í ár er aukin áhersla á veitingar sem kalla mæti „göturétti“, því að þeirra má neyta standandi, en víða verða þó borð og stólar fyrir þá sem vilja.

Söngkonurnar Vigdís og Ása spila fyrir gesti klukkan 14.

Reykjavíkurborg styrkir framkvæmdina og Hverfisráð Hlíða lagði fram fé til að veita hráefnisstyrki til þeirra sem standa fyrir veitingum.

Hjálagðar myndir eru frá Skralli í Skaftahlíð 2014.

Nánari upplýsingar veitir Stefán Halldórsson, Skaftahlíð 1, s. 897 0333, netfang shall@centrum.is




Fréttablaðið (365 miðlar) er til húsa í Skaftahlíð og studdi við kynninguna 2014 með hálfsíðuauglýsingu



... og þátttakan var góð, á þriðja þúsund gestir



SKRALL Í SKAFTAHLÍÐ 2015

# Nýju skyttur Gylfa

Fréttablaðið veitti einnig góða auglýsingu 2015



... og aðsóknin var góð þar til fór að rigna, þá tæmdist gatan fljótt



Vöfflumeistarinn fékk þrisvar yfir sig rjómaslettur frá gestum sem kunnu ekki á rjómasprautuna – og hún varð að skipta um föt einu sinni!

# 2016 – engin fjölmiðlaumfjöllun




... og aðsókn var miklu minni en árin á undan; grísasamlokumeistarinn seldi miklu minna en hann hafði vænst

# Hver er reynslan?

- Hvað tókst vel?
  - Það var gaman
  - Gatan var lífleg, falleg - og mikil þátttaka fyrsta árið
  - Margir vinir komu og kíktu á okkur
  - Við kynntumst góðum hópi nágranna (15-20 manns), en það var að mestu sama fólkið sem kom að þessu öll árin
- Hvað tókst ekki vel?
  - Lítil sala á kompudóti og litlar tekjur hjá flestum (örfáir gerðu það þó gott)
  - Mikil undirbúningsvinna sem lagðist á fáar herðar
  - Puð að stilla upp básum, bera út dótið og síðan að taka saman
  - Þátttaka íbúanna minnkaði ár frá ári og gatan var hálf tómleg þriðja árið

# Hvað má bæta?

- Skýrari og einfaldari markmið
  - Auka kynni nágranna?
    - Nægilegt að halda götuveislu (eins og Úthlíð)
  - Ná árangri í sölu?
    - Leggja meiri vinnu í að auglýsa/kynna á stærra svæði og velja annan dag en Menningarnótt (því að flestir eru á leiðinni í bæinn og vilja ekki vera að kaupa varning á leiðinni)
  - Hafa gaman?
    - Minnka vinnuna og auka gleðina – og gefa börnum aukið rými og vægi

# Hvað næst?

- Finna nýja nálgun – eða taka hlé (1-2 ár?)